

Ákvörðun Samgöngustofu nr. 12/2021 vegna kvörtunar um aflýsingu á flugi Air Baltic, BT170 þann 9. ágúst 2020.

I. Erindi

Þann 3. október 2020 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá Oraskundas f.h. A (kvartandi). Kvartandi átti bókað far með flugi Airbaltic (AB) nr. BT170 þann 9. ágúst 2020 frá Keflavík til Riga. Fluginu var aflýst vegna ferðatakmarkana í Lettlandi sem rekja mátti til kórónuveirufaraldursins.

Kvartandi fer fram á staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 1048/2012 um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum í flugi sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst, seinkað eða flýtt eða vegna tapaðs farangurs eða tjóns á honum.

II. Málavextir og bréfaskipti

Kvörtunin var send AB til umsagnar 5. október 2020. Í svari AB sem barst þann 12. október sl. kemur fram:

Airline explains that Passengers' flight was cancelled due to health and safety restrictions in relation to the Covid-19 coronavirus (please see attachment no.1 - extract from Airline's network Article 35 international carriage of passengers is not performed to countries in which such spread of infection has been registered which may cause a serious threat to the public health. Considering that the Airline is based in Latvia and is bound by Latvian legislation therefore Airline regularly monitors the spread of the Covid-19 coronavirus in the countries to which Airline operates or intends to operate flights. Recommendations of the Center for Disease Prevention and Control are taken into account. Situation in each country is changing rapidly and number of Covid-19 cases falling and rising. For example when the Passengers' flight was planned cumulative incidence rate in Iceland was 25.5 (please see attachment no.2 - list of countries and recommendations from Center for Disease Prevention and Control on August 7th, 2020), which may pose a threat to public health and Airline was not allowed to operate Passenger's flight. The Center for Disease Prevention and Control updates the attached list of countries and cumulative incidence rate every Friday and therefore Airline cannot prevent and inform passengers earlier about cancelled flights.

As Airline cannot precisely forecast incidence of the disease as well as have no influence upon government decisions, Airline has to conclude that in this case Flight cancellation was caused by extraordinary circumstances. Current Regulation (EC)

261/2004 “establishing common rules on compensation and assistance to passengers in the event of denied boarding and of cancellation or long delay of flights, and repealing Regulation (EEC) No 295/91” Article 5 (3) states that “(..) air carrier shall not be obliged to pay compensation (..) if (..) cancellation is caused by extraordinary circumstances which could not have been avoided even if all reasonable measures had been taken”. Therefore Airline cannot meet Passengers’ request to pay cancelled flight compensation.

SGS sendi kvartanda svar AB til umsagnar þann 14. október. Engin efnisleg svör bárust frá kvartanda.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til Samgöngustofu, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. loftferðalaga. Stofnunin tekur málið til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnáráðslulaga nr. 37/1993 og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c og 140. gr. loftferðalaga, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1048/2012. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er Samgöngustofa sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Um aflýsingu flugs og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. skal farþegum ef flugi er aflýst, boðin aðstoð af hálfu flugrekandans í samræmi við 8. gr. og a-lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. Í 8. gr. reglugerðarinnar er fjallað um rétt farþega til þess að fá endurgreitt eða að fá flugleið breytt. Þar kemur nánar tiltekið fram að flugfarþegar eigi eftirfarandi kosta vöð; að fá innan sjö daga endurgreitt að fullu upprunalegt verð farmiðans, að breyta flugleið, með sambærilegum flutningsskilyrðum, til lokaákvörðunarstaðar eins fljótt og auðið er, eða að breyta flugleið, með sambærilegum flutningsskilyrðum og komast til lokaákvörðunarstaðar síðar meir.

Auk framangreinds gildir að sé flugi aflýst eiga farþegar rétt á skaðabótum frá flugrekanda í samræmi við 7. gr., hafi ekki verið tilkynnt um aflýsingu á þann hátt sem mælt er um í i) – iii) liðum c-liðar 1. mgr. 5. gr. Þetta gildir nema flugrekandi geti sýnt fram á að flugi hafi verið aflýst af völdum óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir, sbr. 3. mgr. 5 gr. reglugerðarinnar.

Loftferðalögum nr. 60/1998 og reglugerð EB nr. 261/2004 er ætlað að tryggja ríka vernd fyrir farþega sem neytendur flugþjónustu. Meginreglan samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 er réttur farþega til skaðabóta skv. 7. gr. reglugerðarinnar sé um að ræða aflýsingu eða mikla seinkun á brottfarartíma flugs og ber að skýra undantekningarreglu 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar þröngt, sbr. dóm Evrópudómstólsins frá 22. desember 2008, í máli C-549/07

Friederike Wallentin-Hermann v Alitalia og almennar meginreglur um túlkun lagaákvæða. Fyrir liggur að kvartendur áttu bókað far með flugi Icelandair, FI615 þann 12. janúar 2020 og fluginu var aflýst og að kvartendur fengu nýtt flug næsta dag.

Álitafni þessa máls er hvort að aflýsing á flugi kvartanda megi rekja til óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Með hliðsjón af gögnum málsins liggur fyrir að samkvæmt landslögum í Lettlandi á þeim tíma sem framkvæma átti flug kvartanda var AB óheimilt að fljúga til landa þar sem smitstuðullinn (nýgengi innanlandssmita síðustu 14 daga á hverja 100.000 íbúa) var hærra en 25. Hér á landi var smitstuðullinn samkvæmt gögnum málsins 25.5. þann 7. ágúst 2020, AB aflýsti fluginu samdægurs.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem birt voru þann 18. mars 2020 er að finna leiðbeiningar varðandi túlkun á ákvæðum EB reglugerðar nr. 261/2004 vegna þeirra áhrifa sem Covid-19 hefur haft á flugrekendur og farþega, aðallega með hliðsjón af aflýsingu á flugi, sbr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Í kafla 3.4. leiðbeininganna segir:

This condition should be considered fulfilled, where public authorities either outright prohibit certain flights or ban the movement of persons in a manner that excludes, de facto, the flight in question to be operated.

Að mati SGS hefur flugrekandinn því sýnt fram á að samkvæmt landslögum í Lettlandi var óheimilt að fljúga til og frá Íslandi vegna ferðatakmarkanna sem voru til þess að stemma stigu við útbreiðslu kórónuveirufaraldursins sem leiddi til aflýsingu á flugi kvartanda.

Telur SGS því að rekja megi aflýsingu á flugi kvartanda til óviðráðanlegra aðstæðna sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 1048/2012. Eru skilyrði bótaskyldu skv. 7. gr. reglugerðarinnar því ekki uppfyllt. Ber því að hafna skaðabótakröfu kvartanda.

Ákvörðunarorð

Kröfu kvartanda um staðlaðar skaðabætur úr hendi Air Baltic skv. reglugerð EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð 1048/2012, er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæránleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins skv. 3. mgr. 126. gr. c. loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík, 30. ágúst 2021

Vala Hrönn Viggósdóttir

Andri Rúnar Gunnarsson